# Ungmennasamband Kjalarnesþings

Engjavegi 6
104 Reykjavík
Símanúmer: 514 4090
Tölvupóstur: umsk@umsk.is
Vefsíða: http://www.umsk.is

# Fundargerð

Fundarmenn og afrit:
Valdimar Leo, Magnús, Larus, Halla og Valdimar G.

Dags fundar: 4. Sept 2019
Tími: 12:00
Staður: Fundarherbergi A ISÍ
Fundarritari: Valdimar G

## Dagskrá 1.

| Nr. | Lýsing |
|---|---|

1. **Fundur settur – formaður setti fundinn**

2. **Fundargerð frá júní 2019 - samþykkt**

3. **Bréf sem hafa borist**
   - 
   - 

4. **Íþróttaveisla 2020 – staðan á verkefninu. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi undirbúning á Íþróttaveislu UMFÍ. Nefnd hefur hafið undirbúning og í henni eru fulltrúar frá HK, Breiðablik og Gerplu. Framkv.stj. UMSK situr í nefndinni ásamt Guðmundi Sigurbergssyni fulltrúa UMFÍ.**

5. **Unglingalandsmót á Höfn - Formaður og framkvæmdastj. mættu á mótið. UMSK sá um biathlonkeppni og grillað var fyrir keppendur og foreldra á UMSK tjaldsvæðinu.**

6. **Fjármál – sex mánaða uppgjör lagt fram.**

7. **Skólahlaup 2019 – Haldið 2.og 3. okt í Mosfellsbæ og Kópavogi**

8. **Ferð til Svíþjóðar og Danmerkur – Framkvæmdastjóri fór í kynnisferð til Svíþjóðar í júní og sótti ráðstefnu í Álaborg í ágúst.**

9. **Blakmót skólanna – Skólamót UMSK í blaki verður haldið 9. okt í Kórnum. Verkefnastjóri heldur utanum framkvæmdina sem er samstarf UMSK og BLÍ.**

10. **Þing UMFí 11. okt. - Þingið verður haldið á Laugabakka í Miðfirði og byrjar á föstudegi. Senda á formenn félaganna og óska eftir fulltrúum. Fjöldi þingfulltrúa hefur verið um 22 á síðustu þingum.**

11. **Fundir með félögum – Lagt er til að UMSK heimsæki stjórnir aðildarfélaganna í haust til kynninga á UMSK og heyra hvað brennur á félögunum.**

12. **Ásýnd UMSK – framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir um nýtt útlit á kynningarefni frá sambandinu. Alm. vel tekið í hugmyndina en framkvæmdastjóra falið að koma með fleiri útfærslur fyrir næsta fund.**

13. **Önnur mál – Þarf að skoða með merkingar á pannavöllunum sem UMSK gaf félögunum.**
    **Umræða um hvort UMSK eigi ekki að eiga "kitt" með grillum og hugsanlega einhverjum leiktækjum(hoppiköstulum) sem félögin geta fengið lánað þegar viðburðir eru. Framkv.stj. falið að skoða málið.**

    **Fundartími ákveðinn 1. miðvikudagur í mánuði.**

    **Næstu fundir: 2. okt**
    **6. nóv.**
    **4. des**

| Mál í vinnslu | | |
|---|---|---|
| Lýsing á máli | Ábyrgð | Áætluð skil |
| | | |
| | | |